

Nd.

668. Nefndarálit

[272. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er nú rekin með halla, þar eð fjármagnskostnaður hennar er meiri en tekjur. Þetta verður að sjálfsögðu að leiðrétta og tryggja framtíð deildarinnar.

Sams konar vandamál hafa í öðrum atvinnugreinum og almennum viðskiptum verið leyst með vaxtahækkunum. Hefur óðaverðbólga síðustu ára leitt til hinna háu vaxta, sem nú tíðkast. Hlutverk þeirra er að draga úr óarðbærri fjárfestingu og verðbólguþróða, en óneitanlega leggst vaxtabyrðin mjög þungt á allan rekstur, svo og á íbúðabyggjendur.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að vextir á útlánum Stofnlánadeildarinnar, sem nýlega hafa verið hækkaðir, verði ekki hækkaðir á ný eins og efni standa til, heldur verði lagt 1% gjald á heildsöluverð allrar búvöru og komi tekjur af því í stað vaxtahækkunar. Sagt er, að þetta komi í einn stað fyrir neytendur, þar sem hærri vextir mundu hafa hækkunaráhrif á verðgrundvöll búvöru.

Þessi aðgerð mun valda því, að atvinnuvegir sitja ekki við sama borð í vaxtamálum. Mætti ekki eins leggja gjald á alla íslenska iðnaðarvöru til að greiða niður vexti Iðnlánasjóðs? Eða leggja gjald ofan á fasteignaskatt til að lækka vexti Húsnaðismálastofnunar ríkisins? Raunar mismunar gjaldið bændum sjálfum. Það styður þá, sem eru skuldugir, á kostnað hinna, sem lítið skulda.

Jöfnunargjaldið leggur þunga hárra vaxta á neytendur, en þurrkar út þau áhrif (sem eru tilgangur hávaxtastefnunnar) að draga úr framkvæmdum og þar með hugsanlega aukinni framleiðslu á sama tíma sem offramleiðsla í landbúnaði er vandamál.

Með því að leggja jöfnunargjald á heildsöluverð búvöru hækkar að krónutölu álagning smásölu á þessar vörur. Við það hækkar verðið til neytenda um meira en gjaldinu nemur.

Annað meginatriði þessa frumvarps er að flytja allar lánveitingar til íbúðarhúsa í sveitum til Húsnaðismálastofnunar ríkisins. Er það skipulagslega skynsamlegt, enda þótt aðrar reglur þurfi að gilda t. d. um stærð íbúða í sveitum en í þéttbýlí. Hins vegar er ekki orð um það í frumvarpinu eða greinargerð þess, hvar Húsnaðismálastofnunin á að fá fé til að standa undir þessum lánveitingum. Er gert ráð fyrir, að í sveitum séu byggðar um 100 íbúðir á ári, en lán til þeirra mundu við núverandi aðstæður nema 360 milljónum króna.

Fram kom á nefndarfundum, að Húsnaðismálastofnun ríkisins er því hlynnt, að allar lánveitingar til íbúðarbygginga séu á einum stað, og er því reiðubúin til að taka að sér umrætt verkefni, en með því skilyrði, að henni verði séð fyrir fé til að geta veitt bændum jafngóða þjónustu og Stofnlánadeildin hefur gert til þessa.

Einn af tekjustofnum Húsnaðismálastofnunar ríkisins er skyldusparnaður, nema hvað í sveitum rennur hann til Stofnlánadeildar. Ekki er gert ráð fyrir því að breyta þessu, þótt lánveitingar til íbúðarhúsa í sveitum verði fluttar.

Allt stuðlar þetta að því, að undirritaður getur ekki stutt frumvarpið.

Alþingi, 22. apríl 1978.

Benedikt Gröndal.